




- Nota má mælingu á líkamshita í staðinn ef óvíst er með tímalengd í snjóflóði
- Flytja sjúkling með áverka eða væntanlega fylgikvilla (t.d. lungnabjúg) á viðeigandi sjúkrahús
- Leita eftir öndun, pulsi eða öðrum einkennum um líf í allt að 60 sekúndur
- Nota viðbótarbúnað til að leita eftir lífsmörkum (útöndunar CO₂, slagæða (SaO₂), ómskoðun) ef mögulegt.
- Flytja sjúkling með líkamshita <30°C, efri mörk BP <90mmHg eða einhvern annan óstöðugleika tengt hjarta- og æðakerfi á sjúkrahús með hjarta og lungnavél (ECLS).
- Hjá mjög köldum sjúklingum (<28°C) skal íhuga seinkun á endurlífgun ef björgun er of hættuleg og endurlífgun er erfið á meðan flutningi stendur.
- Loftrými (air pocket) í snjóflóði eykur líkur á lifun, sé öndunarvegur frír.
- Ef HOPE er ekki möguleg, má notast við kalíummagn í blóði og líkamshita ((viðmiðunarmörk 7 mmól/L og 30°C) en er ekki eins nákvæmt.

Skammstafanir: ALS Sérhæfð endurlífgun fullorðinna, CPR endurlífgun, ECLS hjarta og lungnavél, PEA rafvirkni án dæluvirkni, pVT púlslaus sleglahraðtaktur, SaO₂ súrefnismettun í blóði, VF Sleglatif